

SIGMUND FREUD

Neitun

Sitthvað má af því leiða hvernig sjúklingar okkar segja frá hugdettum sínum í sálgreiningartímum.¹ „Nú haldið þér að ég ætli að fara að segja eitthvað móðgandi, en mér er svo sannarlega ekkert slíkt í huga“. Við áttum okkur á að þetta er höfnun í formi frávarps á hugsun sem nú hefur skotið upp kollu. Eða: „Þér eruð að spyrja um hver þetta geti verið í draumnum. Það er *ekki* mamma“. Við leiðréttum: „Svo að það *er* þá mamma hans“. Við tókum okkur það bessaleyfi að sniðganga neitunina og nota einungis efnislega merkingu hugrenningartengslanna. Það er eins og sjúklingurinn hefði sagt: „Það er alveg rétt, mér datt mamma í hug þegar ég fór að hugsa um þessa mann-eskju, en ég kæri mig ekki um að láta þá hugsun gilda“.²

Stundum er hægt með afar handhægri aðferð að afla sér þeirrar vitneskju sem þarf um bælt dulvitað efni. „Hvað“, spyrjum við, „þætti yður allra ólíklegast í þessum aðstæðum? Hvað haldið þér að þér hefðuð síst af öllu hugsað?“ Ef sjúklingurinn lætur veiðast í gildruna og segir hvað honum finnist ósennilegast, hefur rétta játningin oftast nær fengist. Skemmtilega gagnstæðu við þessa tilraun er oft að fá hjá áráttusjúklingi sem er búinn að fá nokkra fræðslu um merkingu sjúkdómseinkenna sinna. „Ég er kominn með

¹ [Þessi ritgerð var skrifuð í júlímánuði 1924 en hún birtist fyrst á prenti árið 1925 undir heitinu „Die Verneinung“ í tímaritinu *Imago* 11 (3), bls. 217–221. Hún geymir tvö megin efnisatriði. Upphaf hennar og endir eru tæknilegs eðlis, það er útskýring á „neitun“ sjúklings, hvernig beri að skilja hana og komast að merkingu hennar í meðferðinni. Að öðru leyti er efnið metasálfræðilegs eðlis og fjallar um upptök og hlutverk hugsunar (dómgreindar). Þar er haldið áfram umræðuefni úr ritgerðunum „Formulierungen über die zwei Prinzipien des psychischen Geschehens“ (1911) og „Metapsychologische Ergänzung der Traumlehre“ (1917). – Þýðandi.]

² [Áður hafði Freud meðal annars vakið athygli á þessu í sjúkrasögu sinni af „Rottumanninum“ („Bemerkungen über einen Fall von Zwangsneurose“, 1909). – Þýðandi.]



nýja þráhyggju“, segir hann, „og mér datt samstundis í hug að hún kynni að þýða þetta eða eitthvað annað. En það getur ekki verið rétt eða mér gæti ekki hafa dottið það í hug“. Af meðferðinni má ráða að það sem hann er hér að hafna er auðvitað hin rétta merking þráhyggjunnar.

Þannig er það þá að ímynd eða hugsun getur fundið sér leið til meðvitundar svo fremi að henni sé *neitað*.³ Neitun er leið til að kynnast því sem bælt er. Raunar léttir hún þegar á bælingunni, þó að auðvitað sé ekki þar með sagt að hún fallist á það sem var bælt. Hér má sjá hvernig vitsmunirnir skiljast frá tilfinningum. Fyrir tilstyrk neitunarinnar er aðeins annarri af afleiðingum bælingarinnar eytt, því að hugsunarhluti hins bælda kemst ekki til vitundar. Árangur þess verður eins konar vitsmunaleg viðtaka hins bælda, en aðalatriði bælingarinnar heldur áfram.⁴ Í meðferðinni búum við síðan oft til mjög mikilvægt og fremur undarlegt afbrigði þessa. Okkur tekst líka að sigrast á neituninni og fá fullkomna vitsmunalega viðtöku hins bælda. En það ýtir þó ekki til hliðar bælingarferlinu sjálfu.

Úr því að það er hlutverk dómgreindarinnar að játa eða neita tiltekinni hugsun leiðir það sem við höfum verið að segja okkur að sálrænum uppruna þess hlutverks eða starfsemi. Að neita einhverju með dómgreind sinni er þegar öllu er á botninn hvolft sama og að segja: „Þetta vildi ég helst bæla“. Neikvætt mat er vitsmunalegur staðgengill bælingar;⁵ „neið“ þess er kenni-mark bælingarinnar, upprunavottorð – líkt og *Made in Germany*⁶ – skulum við segja. Fyrir tilstyrk neitunartáknisins leysir hugsunin sig undan takmörkunum bælingarinnar og bætir við sig efni sem henni er nauðsynlegt til eðli-legrar starfsemi sinnar.

³ [Hér getur verið álitamál hvort réttara er að þýða með „neita“ en „afneita“. Að sumu leyti gæti vist eðlilegra að þýða með „afneita“, en þá er þess að gæta að Freud notar sjálfur tvö orð: *verneinen* (neita) og *verleugnen* (afneita). Fyrri orðið notar hann í þessari ritgerð. – Þýðandi.]

⁴ [Hér er um það sama að ræða og það sem liggur til grundvallar alkunnri hjátrú að varasamt sé að hrósa sigri. „Mikið er gott að ég skuli ekki hafa fengið neinn höfuðverk í dag“. En í rauninni er þetta fyrsta tilkynningin um höfuðverkjarkast sem viðkomandi er þegar farinn að finna að er í aðsigi, þó að hann vilji enn ekki trúa því. Freud datt fyrst niður á þessa skýringu í meðferð á frú Cécilie M., sem var einn af fyrstu sjúklingum hans eða að minnsta kosti fyrsta skráða sjúkrasaga hans. Sjá bók Sigmunds Freud og Josefs Breuer, *Studien über Hysterie*, Leipzig og Vín: Franz Deuticke, 1895. – Þýðandi.]

⁵ [Freud mun fyrst hafa komið þessari hugmynd á framfæri í bók sinni *Der Witz und seine Beziehung zum Unbewussten* (1905). Aftur kemur hún fyrir í ritgerðinni „Formulierungen über die zwei Prinzipien des psychischen Geschehens“ (1911) og síðan í ritgerðinni „Das Unbewusste“ (1915). – Þýðandi.]

⁶ [Á ensku í frumtexta. – Þýðandi.]

Dómgreindin fæst aðallega við tvenns konar ákvarðanir. Hún kveður á um hvort tiltekið fyrirbæri hefur vissa eiginleika eða ekki. Hún segir til um hvort það sem birtist sé raunverulegt eða ekki. Eiginleikinn sem til mats kemur getur hafa verið í upphafi góður eða vondur, gagnlegur eða skaðlegur. Sé þetta sagt á tungu hinnar elstu hvatar – munnhvatarinnar – hljóðar matið svo: „Ég vil éta það“ eða „ég vil hrækja því út úr mér“ og með almennara orðalagi: „Ég vildi gjarnan taka þetta inn í mig, en halda hinu fyrir utan“. Það er að segja: „Það á að vera inni í mér“ eða „það á að vera fyrir utan mig“. Eins og ég hef sýnt annars staðar vill hið upprunalega vellíðunarsjálfi varpa inn í sjálft sig öllu sem er gott en varpa öllu vondu frá sér. Hið vonda, það sem er sjálfinu framandi og það sem er fyrir utan var upphaflega eitt og hið sama.⁷

Hin ákvörðun dómgreindarinnar – hvort það sem birtist sé raunverulegt (raunveruleikaprófun) – er viðfangsefni hins fullmótaða raunveruleikarsjálfis, sem þróast í framhaldi af hinu upphaflega vellíðunarsjálfí. Nú er ekki lengur um það að ræða hvort það sem maður hefur skynjað skuli fella inn í sjálfið eða ekki heldur hvort eitthvað sem birst hefur í sjálfinu geti einnig birst á ný sem skynjun (raunveruleg). Eins og við sjáum er hér um að ræða hvað er *utan við* og hvað *fyrir innan*. Það sem er óraunverulegt, einungis birting og hún huglæg, er aðeins til hið innra; það sem er raunverulegt er aftur á móti einnig þarna fyrir *utan*. Á þessu stigi þróunar hefur tillit til vellíðunarlögmálsins verið lagt til hliðar. Reynslan hefur kennt viðkomandi að það skiptir ekki aðeins máli hvort eitthvað (viðfang sem veitir honum fullnægingu) hefur til að bera „góðan“ eiginleika og eigi því skilið innlimun í sjálf hans heldur líka hvort það sé til í umheiminum, svo að hægt sé að ná til þess þegar þörf krefur. Til þess að skilja þetta framfaraskref verður að minnast þess að öll birting á rætur sínar í skynjunum og er endurtekning á þeim. Upphaflega var því birtingin trygging fyrir að það sem birtist væri raunverulegt. Andstæðurnar milli hins huglæga og hlutlæga voru ekki til í upphafi. Þær urðu til við að hugsunin varð búin þeim eiginleikum að geta birt mönnum á ný fyrir hugarsjónum það sem eitt sinn var skynjað með því að sýna það aftur, án þess að hið ytra viðfang þurfi enn að vera til staðar. Fyrsta og beina stefnumark raunveruleikaprófunar er því ekki að *finna* raunverulegt skynjað viðfang heldur *finna* slíkt viðfang *á ný* til þess að sannfærast

⁷ Sjá um þetta umræðu [í ritgerð minni] „Triebe und Tribschicksale“ (1915). [Freud fjallaði svo á ný um þetta í fyrsta kafla rits síns *Undir oki siðmenningar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990. – Þýðandi.]

um að það sé enn þarna.⁸ Hugsunin býr ennfremur yfir getu til að greina enn frekar á milli hins huglæga og hlutlæga. Ekki er skynjunin sem birtist aftur alltaf trúverðug. Hún kann að breytast við að sleppt er úr eða við að blandast ýmsu öðru. Þá þarf raunveruleikaprófunin að ganga úr skugga um hversu mikil brenglun hefur orðið. En ljóst má vera að forsendan fyrir því að koma á raunveruleikaprófun er að viðföng sem eitt sinn veittu fullnægingu hafi glatast.

Dómgreindin er vitsmunastarf sem kveður á um hvað gert skuli. Hún bindur enda á frestunina sem felst í hugsun og leiðir frá hugsun til athafnar. Annars staðar hef ég rætt þessa frestun vegna hugsunar.⁹ Líta má á hana sem tilraunaathöfn, þreifingar, sem þarfnast lítillar orku. Lítum á hvar sjálfíð hefur beitt svipuðum þreifingum áður, hvar það lærði aðferðina sem það notar nú við hugsunina. Það varð við skynmörk sálartækisins í tengslum við skynjanir. Því að samkvæmt tilgátu okkar er skynjun ekki alfarið þólrænt ferli. Sjálfíð sendir reglulega frá sér litla orkuskammta inn í skynjunarkerfið og með því móti getur það tekið sýni úr ytri áreitum og dregið sig aftur til baka eftir slíkar þreifingar.

Rannsókn á dómgreindinni sýnir okkur líklega í fyrsta sinn hvernig vitsmunaleg starfsemi sprettur upp í samspili frumhvatanna. Dómgreindarstarfsemin er viðeigandi framhald af því frumferli sjálfsins að innlima eða varpa frá sér samkvæmt vellíðunarlögmálinu. Tvískautun dómgreindarinnar svarar til andstæðnanna milli hinna tveggja hvataflokka sem við höfum gert ráð fyrir. Játun – sem staðgengill sameiningar – tilheyrir Erosi; neitun – arftaki fráhrindingar – tilheyrir eyðileggingarhvötinni. Löngunina til að neita, neikvæðnina sem sjá má hjá sumu geðveiku fólki, ber líklega að líta á sem merki um að eðlishvatirnar hafi losnað í sundur vegna þess að líbídóhlutarnir hafa verið dregnir til baka. En dómgreindin getur ekki tekið til starfa fyrr en neitunartáknið hefur veitt hugsuninni fyrstu frelsisögnina undan afleiðingum bælingar og ásamt þeim undan nauðung vellíðunarlögmálsins.

⁸ [Þetta er varla auðskilin framsetning. En rökfærslan sem hún byggist á á sér langan aðdraganda í skrifum Freuds. Hún kemur fyrst fram í hinni merkilegu ritgerð hans „Entwurf einer Psychologie“ frá 1895 (sem kom fyrst á prent árið 1950 í *Aus den Anfängen der Psychoanalyse*) og síðar í hinum fræga (og tormelta) síðasta kafla í bók hans *Draumaráðningum* (Reykjavík: Skrudda, 2010). Viðfangið sem hér er talað um að finna á ný er móðurbrjóstið. – Þýðandi.]

⁹ [Til að mynda í ritgerðinni „Sjálfíð og þaðíð“, *Ritgerðir*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002. Raunar víðar, allt frá „Entwurf einer Psychologie“ til *Nýrra inngangsfyrirlestra um sálkönnun*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997. – Þýðandi.]

Þetta viðhorf til neitunar er í afar góðu samræmi við að í sálgreiningar- meðferð finnast aldrei „nei“ í dulvitundinni og að sjálfíð tjáir með neikvæðri formúlu viðtöku sína á dulvituðu efni. Betri sönnun fyrir því að lánast hefur að lyfta hulu af dulvitund er ekki hægt að fá en þegar sjúklingurinn bregst við með því að segja: „Það hugsaði ég ekki“ eða „aldrei hefði mér dottið það í hug“.¹⁰

Sigurjón Björnsson þýddi

¹⁰ [Þetta sagði Freud með næstum sömu orðum í neðanmálsgrein frá 1923 í sjúkrasögunni af Dóru („Sálgreining á sefasýki“, *Sjúkrasögur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004 og einnig löngu síðar í ritgerðinni „Konstruktionen in der Analyse“ (1937). – Þýðandi.]

